

Heilbrigðisstofnun Austurlands
08 777

Ársreikningur 2019

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Starfspáttayfirlit	6
Skýringar	7

Heilbrigðisstofnun Austurlands
kt. 610199-2839
Lagarás 17 - 19, 700 Egilsstöðum.

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Heilbrigðisstofnun Austurlands er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli sérлага. Stofnunin sinnir heilbrigðisþjónustu á Austurlandi og veitir almenna heilsugæslu -, sjúkra- og hjúkrunarþjónustu.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir nokkur málefnasvið og málaflokka samkvæmt flokkun í fjárlögum og kemur aðgreining þess fram í starfsþáttayfirliti.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 4.184,7 milljónir og afkoma kr. 21,2 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 68,1 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 566,7 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Heilbrigðisstofnunar Austurlands í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Heilbrigðisstofnunar Austurlands fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Guðjón Hauksson
Forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	3.860.300.000	3.483.440.042
Seld þjónusta	3	222.486.526	204.521.049
Framlög og ýmsar tekjur	4	84.786.244	46.012.386
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	17.096.530	14.445.339
Tekjur samtals		4.184.669.300	3.748.418.816
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	2.822.224.489	2.614.424.601
Framlög og tilfærslur	6	0	468.387
Annar rekstrarkostnaður	7	1.322.753.915	1.061.507.630
Afskriftir	8	17.096.530	14.445.339
Gjöld samtals		4.162.074.934	3.690.845.957
Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði		22.594.366	57.572.859
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		592.232	427.226
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(1.958.265)	(100.410)
		(1.366.033)	326.816
Afkoma ársins		21.228.333	57.899.675
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	21.228.333	58.368.062
Rekstrartilfærslur		0	(468.387)
		21.228.333	57.899.675

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður		86.740.700	74.558.900
Farartæki og vélar		22.984.174	17.231.373
Fastafjármunir samtals		<u>109.724.874</u>	<u>91.790.273</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	10	30.317.074	25.345.213
Viðskiptakröfur		24.037.372	23.796.905
Tengdir aðilar	11	321.676.155	181.334.635
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	12	5.139.981	5.337.330
Handbært fé	13	75.825.294	107.691.816
Veltufjármunir samtals		<u>456.995.876</u>	<u>343.505.899</u>
Eignir samtals		<u>566.720.750</u>	<u>435.296.172</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	14		
Hrein eign		68.127.934	46.899.601
Eigið fé samtals		<u>68.127.934</u>	<u>46.899.601</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	11	4.946.518	2.608.424
Viðskiptaskuldir		78.264.065	78.104.923
Ýmsar skammtímaskuldir	15	237.065.294	216.144.755
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	16	178.316.939	91.538.469
Skuldir samtals		<u>498.592.816</u>	<u>388.396.571</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>566.720.750</u>	<u>435.296.172</u>
Aðrar upplýsingar	17		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		21.228.333	57.899.675
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	8	17.096.530	14.445.339
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(17.096.530)	(14.445.339)
		<u>21.228.333</u>	<u>57.899.675</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtkröfur		(43.118)	(6.207.355)
Birgðir		(4.971.861)	(1.193.446)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		21.079.681	(41.269.171)
		<u>16.064.702</u>	<u>(48.669.972)</u>
		<u>37.293.035</u>	<u>9.229.703</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	(35.031.131)	(47.621.804)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		75.000	270.000
		<u>(34.956.131)</u>	<u>(47.351.804)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		(138.003.426)	94.309.450
Fjárfestingarframlag		103.800.000	47.100.000
		<u>(34.203.426)</u>	<u>141.409.450</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(31.866.522)	103.287.349
		<u>107.691.816</u>	<u>4.404.467</u>
		<u>75.825.294</u>	<u>107.691.816</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Starfsþáttayfirlit um afkomu ársins 2019, fjárveitingar, breytingar þeirra og stöðu

	Heilsugæslu-	Sjúkrasvið	Hjúkrunarrými	Samtals
	svið	08 777 111	08 777 121	2019
	08 777 101	Málefnasvið - málaflokkur		
	24 10	23 20	25 10	
Tekjur				
Tekjufærsla fjárveitinga	1.866.700.000	1.239.300.000	754.300.000	3.860.300.000
Seld þjónusta	122.052.748	52.558.688	45.129.385	219.740.821
Vörusala	1.528.020	1.217.685	0	2.745.705
Framlög og ýmsar tekjur	30.178.634	52.184.431	2.423.179	84.786.244
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	7.927.587	7.392.096	1.776.847	17.096.530
Tekjur samtals	2.028.386.989	1.352.652.900	803.629.411	4.184.669.300
Gjöld				
Laun og launatengd gjöld	1.045.937.487	898.530.595	877.756.407	2.822.224.489
Annar rekstrarkostnaður	769.330.623	387.829.994	165.593.298	1.322.753.915
Afskriftir	7.926.655	7.392.096	1.777.779	17.096.530
Gjöld samtals	1.823.194.765	1.293.752.685	1.045.127.484	4.162.074.934
Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði	205.192.224	58.900.215	(241.498.073)	22.594.366
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	64.009	366.676	161.547	592.232
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	(1.934.918)	(19.741)	(3.606)	(1.958.265)
	(1.870.909)	346.935	157.941	(1.366.033)
Afkoma ársins	203.321.315	59.247.150	(241.340.132)	21.228.333
Afkoma ársins skipt eftir fjárheimildaliðum				
Rekstur	203.321.315	59.247.150	(241.340.132)	21.228.333
	203.321.315	59.247.150	(241.340.132)	21.228.333
Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok aðrar en vegna fjárfestinga:				
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum	1.740.300.000	1.179.200.000	754.300.000	3.673.800.000
Fjáraukalög	15.000.000	0	0	15.000.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	111.400.000	60.100.000	0	171.500.000
Fjárveiting til tekna	1.866.700.000	1.239.300.000	754.300.000	3.860.300.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(1.663.378.685)	(1.180.052.850)	(995.640.132)	(3.839.071.667)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	203.321.315	59.247.150	(241.340.132)	21.228.333
Staða fjárveitinga 2018 í lok þess árs	370.781.608	95.983.113	(426.100.168)	40.664.553
Staða fjárveitinga skipt eftir fjárheimildaliðum				
Rekstur	574.102.923	155.230.263	(667.440.300)	61.892.886
	574.102.923	155.230.263	(667.440.300)	61.892.886
Fjárfestingar				
Fjárveiting ársins skv. Fjárlögum og Fjáraukalögum	10.500.000	8.300.000	0	18.800.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	0	85.000.000	0	85.000.000
Fjárfesting á árinu	(22.741.180)	(9.132.266)	(3.157.685)	(35.031.131)
Staða fjárfestingafjárveitingar	(12.241.180)	84.167.734	(3.157.685)	68.768.869
Staða fjárfestinga 2018 í lok þess árs	22.206.325	(24.732.377)	2.777.856	251.804

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti starfsþáttayfirlits

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Lækninga- og rannsóknatæki	10 ár
Farartæki og vélar	8 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- skuldbinding vegna eiginfjárframlaga: umsamin fjárhæð eiginfjárskriftar sem ekki hefur verið viðurkennd til greiðslu eða er innkallanleg fyrir dagsetningu reikningsskila
- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgögnukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Starfsþáttayfirlit

Þegar starfsemi stofnunar nær yfir fleiri en eitt fjárlagaviðfang, málefnasvið eða málaflokk er aðgreining fjárlagaviðfang, málefnasviða og málaflokka birt í starfsþáttayfirlit. Það nær til yfirlits um afkomu og greininga fjárveitinga ársins, breytinga þeirra á árinu og stöðu í árslok.

Skýringar

	2019	2018
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	3.860.300.000	3.497.140.042
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga	0	(13.700.000)
Tekjufærsla fjárveitinga	3.860.300.000	3.483.440.042
Tekjufærsla frestaðra tekna	17.096.530	14.445.339
	3.877.396.530	3.497.885.381

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum	3.673.800.000	0	0	3.673.800.000
Fjárukalög	15.000.000	0	0	15.000.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	171.500.000	0	0	171.500.000
Fjárveiting til tekna	3.860.300.000	0	0	3.860.300.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(3.839.071.667)	0	0	(3.839.071.667)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	21.228.333	0	0	21.228.333

	2019	2018
3 Seld þjónusta		
Sérfræðiþjónusta	142.640.066	143.783.000
Vörusala II	2.745.705	695.534
Verksala	2.694.911	2.779.646
Ýmsar þjónustutekjur	1.321.726	1.350.038
Gjöld fyrir vistun	33.212.401	21.422.713
Veitinga- og gistiþjónusta	39.129.917	33.728.073
Fræðslustarfsemi og fundir	741.800	762.045
	222.486.526	204.521.049

4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur	24.846.248	19.228.442
Afnotagjöld	0	1.390
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	4.656.488	419.810
Ýmsar tekjur	55.283.508	26.362.744
	84.786.244	46.012.386

5 Laun og launatengd gjöld

Laun	2.293.250.561	2.132.449.614
Orlof, breyting	5.205.848	(11.511.772)
Launatengd gjöld	518.160.732	489.260.813
Starfsmannakostnaður	5.607.348	4.225.946
	2.822.224.489	2.614.424.601

Meðalfjöldi stöðugilda	243,5	240,6
------------------------------	-------	-------

6 Framlög og tilfærslur

Rekstrartilfærslur aðrir	0	468.387
	0	468.387

Skýringar

	2019	2018
7 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	4.667.637	3.927.568
Byggingarvörur, almennar	2.429.813	2.997.055
Byggingarvörur, aðrar	227.976	209.344
Tæki og búnaður til innréttinga	1.163.004	1.068.523
Ýmis tæki og áhöld	3.975.852	3.615.533
Varahlutir og viðhaldsvörur	3.695.205	4.451.447
Orkugjafar	47.428.332	45.026.228
Matvæli	70.686.265	62.140.341
Almennar rekstrarvörur	15.370.675	14.719.309
Vörukaup, almenn	149.644.759	138.155.348
Rannsóknarstofuefni	34.496.422	26.767.197
Lyf og tengd efni	83.709.473	49.648.924
Lækninga- og hjúkrunarvörur	27.315.354	21.879.250
Sjúkrahústæki og áhöld	2.347.565	2.004.057
Kennslu- og föndurvörur	249.636	240.499
Ýmsar sérgreindar vörur	53.414	24.360
Vörukaup, sérgreind	148.171.864	100.564.287
Fundir, námskeið, risna	5.236.337	3.368.907
Ferðir, uppihald	30.430.615	27.261.004
Akstur	137.944.840	117.141.699
Sérfræðiþjónusta	432.043.498	374.833.945
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	1.971.882	2.160.067
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	3.433.216	1.897.558
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	16.217.269	14.930.230
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	627.277.657	541.593.410
Samningsbundin kaup og leiga	834.490	1.807.000
Afnotagjöld	35.805.273	35.804.425
Leigugjöld	326.005.516	203.505.264
Notkun véla og flutningatækja	12.845.551	8.640.174
Verkkaup	21.162.540	24.758.800
Áhættutap og bætur	169.963	879.330
Tryggingar, lögboðnar	1.869.850	1.808.413
Opinber gjöld	2.833.241	5.184.625
Tapaðar kröfur	329.465	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	402.631.496	282.388.031
Annar rekstrarkostnaður samtals	1.322.753.915	1.061.507.630

Skýringar

	2019	2018
8 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	13.549.331	12.078.973
Farartæki og vélar	3.547.199	2.366.366
	<u>17.096.530</u>	<u>14.445.339</u>

	31.12.2019	31.12.2018
9 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	86.740.700	74.558.900
Farartæki og vélar	22.984.174	17.231.373
	<u>109.724.874</u>	<u>91.790.273</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Samtals
Staða 1.1.2019	105.681.566	23.511.419	129.192.985
Viðbætur á árinu	25.731.131	9.300.000	35.031.131
	<u>131.412.697</u>	<u>32.811.419</u>	<u>164.224.116</u>
Afskriftir 1.1.2019	31.122.666	6.280.046	37.402.712
Afskrift ársins	13.549.331	3.547.199	17.096.530
	<u>44.671.997</u>	<u>9.827.245</u>	<u>54.499.242</u>
Staða 31.12.2019	<u>86.740.700</u>	<u>22.984.174</u>	<u>0</u>

10 Birgðir

Vörubirgðir I (sbr. teg. 563, vörukaup I)	1.118.931	1.540.372
Vörubirgðir II (sbr. teg. 564, vörukaup II)	29.198.143	23.804.841
	<u>30.317.074</u>	<u>25.345.213</u>

Skýringar

	31.12.2019	31.12.2018
11 Tengdir aðilar		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	321.676.155	0
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	0	3.146.467
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga	0	178.188.168
	<u>321.676.155</u>	<u>181.334.635</u>
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	0	612.052
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	4.946.518	1.996.372
	<u>4.946.518</u>	<u>2.608.424</u>
12 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		
Fyrirframgreiddur kostnaður	4.349.729	4.722.131
Skattar	790.252	615.199
	<u>5.139.981</u>	<u>5.337.330</u>
13 Handbært fé		
Sjóðir	158.000	158.000
Tékkareikningar	75.474.736	107.344.667
Sparisjóðsreikningar	192.558	189.149
	<u>75.825.294</u>	<u>107.691.816</u>
Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 5,4 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.		
14 Eigið fé		
Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum		
	31.12.2019	31.12.2018
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	46.899.601	(11.000.074)
Afkoma ársins	21.228.333	57.899.675
Jöfnuður 31.12.	<u>68.127.934</u>	<u>46.899.601</u>
Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.		
	31.12.2019	31.12.2018
15 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	213.475.416	208.269.568
Önnur ógreidd gjöld	7.430.935	7.875.187
	<u>237.065.294</u>	<u>216.144.755</u>

Skýringar

16 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2019	31.12.2018
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	109.724.874	91.790.273
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	68.592.065	(251.804)
	<u>178.316.939</u>	<u>91.538.469</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestingafjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019	91.790.273	(251.804)	91.538.469
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	103.800.000	103.800.000
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna	0	75.000	75.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	35.031.131	(35.031.131)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(17.096.530)	0	(17.096.530)
	<u>109.724.874</u>	<u>68.592.065</u>	<u>178.316.939</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 14,5 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

17 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ótímabundna skuldbindandi samninga um húsnæði og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa til næstu ára. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu 2019 nema kr. 331 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 195 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.